

Reglur um niðurgreiðslu daggæslu barna í heimahúsum í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr. Réttur til niðurgreiðslu

Í Sveitarfélaginu Árborg geta allir foreldrar sem vista börn sín hjá dagforeldrum sótt um niðurgreiðslur vistunargjalds. Réttur til niðurgreiðslu gildir að hámarki ellefu mánuði á ári. Engar niðurgreiðslur eru vegna barns sem skráð er á leikskóla og dvelur í daggæslu meðan á sumarleyfi leikskólans stendur. Niðurgreiðslur falla niður um leið og barni er boðin dvöl á leikskólum í sveitarfélaginu.

2. gr. Skilyrði niðurgreiðslu

Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

* Forsjárforeldri sækir um niðurgreiðslu í gegnum Mína Árborg á heimasíðu Árborgar. Endurnýja þarf umsókn um niðurgreiðslu ef skipt er um dagforeldri og tilkynna á heimasíðu ef breyting verður á vistunartíma barns.

* Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.

* Að barnið eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg.

*Einstæðir foreldrar geta sótt um niðurgreiðslu frá og með fyrsta mánuði eftir að barn nær 6 mánaða aldri.

*Foreldrar í sambúð og hjónabandi geta sótt um niðurgreiðslur frá og með fyrsta mánuði eftir að barn nær 9 mánaða aldri.

*Að kvittun frá dagforeldri, berist þjónustuveri Árborgar, í síðasta lagi 20. hvers mánaðar fyrir greiðslu næsta mánaðar. Berist kvittun síðar verður dráttur á niðurgreiðslu.

3. gr. Fjárhæð niðurgreiðslu

Fjárhæð niðurgreiðslu miðast við vistunartíma barns og greiðist af dagforeldri sem lækkar vistunargjald foreldra sem því nemur. Hámarksendurgreiðsla er sem hér segir:

* Fyrir fjögurra tíma vistun 32.500 - krónur.

* Fyrir fimm tíma vistun 40.625 - krónur.

* Fyrir sex tíma vistun 48.750 - krónur.

* Fyrir sjö tíma vistun 56.875 - krónur.

* Fyrir átta tíma vistun og meira 65.000 - krónur.

Systkinaafsláttur er milli leikskóla, frístundar og dagforeldra og kemur afslátturinn á leikskóla, frístund. Hlutfall afsláttar er 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni.

4. gr. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 42. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Reglurnar taka gildi 1. febrúar 2013. Reglurnar skal endurskoða árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Breyting á fjárhæð niðurgreiðslu skv. 3. gr. var samþykkt í fjárhagsáætlun 2013 í bæjarstjórn Árborgar 21. nóvember 2012.

Breyting var aftur gerð í fjárhagsáætlun 2014.

Breyting á fjárhæð niðurgreiðslu skv. 3.gr. var enn gerð 30.mars 2017 í ofanstandandi upphæðum.

Breytingar á fjárhæð niðurgreiðslu skv. 3.gr. eru gildar frá 1.mars 2018 í ofanstandandi upphæðum.

Breyting á hlutfalli systkinaafsláttar skv. 3.gr. eru í gildar frá 16.janúar 2019